

Hluthafafundur Brims hf. 30. júní 2025

Hluthafafundur Brims hf. verður haldinn mánudaginn 30. júní 2025
að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík, kl. 10:00.
Fundurinn fer fram á íslensku.

DAGSKRÁ

1. Endurskoðaður ársreikningur móðurfélagsins lagður fram til staðfestingar
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 9:30

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið adalfundur@brim.is með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, 10 dögum fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 10:00, föstudaginn 20. júní 2025.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthöfum stendur jafnframt til boða að kjósa um dagskrármál með skriflegum hætti eða veita umboð. Á vefsíðu félagsins má finna viðeigandi eyðublöð.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Heildarhlutafé félagsins nemur kr. 1.955.979.606 og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Eigin bréf félagsins eru nú kr. 30.532.917 og virkt hlutafé félagsins því 1.925.446.689.

Dagskrá, tillögur og öll skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafundinn eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu þess á venjulegum skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um hluthafafundinn má finna á vefsíðu félagsins.

Reykjavík 6. júní 2025
Stjórn Brims hf.